

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

412. tbl - 9. árg.

20. ágúst 2009

 SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík

- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

Uppskeruhátíð í fimleikum



Undanfarnar vikur hefur stór hópur barna og unglunga í Snæfellsbæ æft fimleika undir stjórn Valdísar Lilju í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 13. ágúst var haldin uppskeruhátíð þar sem af rakstur námskeiðsins var kynntur foreldrum barnanna og öðrum gestum.

Bekkir Íþróttahússins voru þétt skipaðir og mikið klappað

fyrir fimleikafólkinu, þátttakendum í fimleikunum var skipt niður í fjóra hópa eftir aldri og sýndu hóparnir dans, æfingar á dýnu og einnig á trampólíni.

Hátt í 40 börn og unglingar tóku þátt í fimleikanámskeiðinu og var virkilega gaman að fylgjast með hve miklum árangri Valdís náði með krökkunum á ekki lengri tíma. Í



ávarpi í upphafi sýningarinnar kom fram í máli formanns Víkings að til standi að vera með helgarnámskeiði í fimleikum í vetur og geta þá börnin rifjað upp það sem þau lærðu á

námskeiði sumarsins og einnig eitthvað nýtt.

Hægt er að nálgast upplýsingar og myndir inná fimleikarsnb.bloggar.is

Fótboltinn

Það voru mikil bata merki á spilamensku okkar manna í leiknum gegn ÍA á þriðjudagskvöldið suður á Skaga og greinilegt að nýji þjálfarinn er að gera góða hluti með strákunum. Jafntefli urðu úrslitinn og fyrsti leikurinn í sumar sem við fáum ekki á okkur mark. Mikil barátta var í strákunum okkar og með svona spilamensku er hægt að reikna með öllu í síðustu leikjum. Allavega var greinilegt að trúin á að sjálf-

an sig var núna til staðar og krafturinn mikill. Skagamennt áttu ekki von á slíkri mótspyrnu. Frábært hjá ykkur strákar og núna þurfum við áhorfendur að mæta á leikinn hér heima á laugar daginn gegn Þór og láta í okkur heyra. Jafn góður stuðningur í þeim leik og leiknum suður á skaga hjálpar til að ná í stig, en það eru þau sem okkur vantar núna þessa daganna.

Ólafur H.



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

DVD myndir til sölu
á 500kr

Nýtt á sölu



Ólafsvík

Sandholt 18 er einbýlishús á einni hæð alls 78,8 fm. Það skiptist í forstofu, tvö herbergi, eldhús, baðherbergi, þvottahús/miðstöðvarrými, hol og stofu. Á forstofu eru flisar og einnig er baðherbergið flisalagt í hölf og gólf. Á herbergjum, gangi og stofu er parket. Í svefnherbergi eru góðir skápar. Á húsinu er plastklæðning og nýlegt járn er á bakinu. Lóðin er stór og gróin.

Við húsið er bílskúr 25,5 fm samkv FMR en var stækkaður og er alls mældur ca 48 fm. Hann er með rafmagnsopnara og lítur vel út og við hann er nýlega steypt plan. Húsið er á góðum staði í bænum og lítur vel út utan sem innan.

Asett verð kr. 16,5 millj.

Sjá upplýsingar
um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfr G. Gissurarson, lögilltur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

HEIM-SENDIR

Vörufgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími 431 5613 - 895 5613 - 899 5613 - 899 5624 - nef. vorur@simnet.is

VFS
VÖRUFLOTNINGASTÖÐIN

Vörufgreiðsla Héðinsgötu 1-3
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Opið í Reykjavík til kl. 17 mán. - fimmtud.
Sömu lágu verðin - Verslum í heimabyggð

Aldinn fjörumór

Í maí á síðasta ári var sagt frá því á síðum Jökuls að í fjörinni í landi Kálfárvala í Staðarsveit hafi fundist forn- ar viðarleifar, viðurinn fannst í þykku mólagi sem sjór hafði brotið jarðveg of- anaf.

Í ársskýrslu Skógræktar ríkisins 2008 er fjallað um þennan fund og kemur fram í grein sem Ólafur Eggertsson skrifar að aldrei áður hafi fundist fjörumór með jafnmiklum viðarleifum hér við land eins og í Staðarsveit- inni, megnið af þessum við-

arleifum er reki sem komið hefur frá norður Rússlandi og Síberíu. Í mótum voru einnig leifar af birki og víði sem vaxið hefur í mýrinni og þegar það var aldursgreint kom í ljós að birkið hafði vaxið á árunum 25 til 140 eftir Kristsburð og aldurs- greining á mótum gaf svipaða niðurstöðu. Unnið er að frekari rannsóknum á fjörumótum.

Meðfylgjandi mynd var tekin í maí 2008 og eins og sjá má voru sumir trjá- drumbarnir nokkuð sverir.



Bifreiðaverkstæði Ægis

Parf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?
Logar viðvörnarljós í mælaborði?
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is



HERBALIFE

Breyttur lífstill.
Drekktu í þig orku, daglega

Næringadrykkir frá Herbalife
eru úrvals valkostir.

Fáðu sendann frían prufupakka
Sesselja, sími: 6595819
E-mail: birtad@simnet.is

Getraunastarfið

hefst á laugardaginn í Íþróttahúsinu.
Opið frá 10.30 til 13.00.

Verið með í vetur. Heitt kaffi á könnunni.

Mætum á völlinn á laugardaginn og
öskrum áfram Vikingur.

Munið félagsnúmerið 355.

Allir að tippa. Stjáni og Tóta.

Í fótspor Jóhannesar

Nýlega bauð Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull upp á gönguferð þar sem gengið var í fótspor Jóhannesar Helgasonar skurðlistamanns frá Hellnum. Ferðin tókst afar vel og komu nokkrir ættingja Jóhannesar sérstaklega frá Reykjavík til að fara í gönguna. Gengið var frá Móðulæk að dánarstað Jóhannesar, sem er í hrauninu nokkru ofan við Hellissand, og síðan áfram niður Hraunskarð.

Jóhannes var fæddur árið 1887 í Gíslabæ á Hellnum, einn af 16 systkinum. Faðir hans var mikill hagleiksmaður en Jóhannes fór til náms í Reykjavík árið 1914 þar sem hann lærði tréskurð hjá Stefáni Eiríkssyni tréskurðameistara. Þess má geta að Ríkhartur Jónsson nam einnig hjá Stefáni. Jóhannes fékk styrk til frekara listnáms erlendis, fyrstur Íslendinga, og árið 1920 hugðist hann láta þann draum ræstast.

Áður en utan var haldið var ætlunin að kveðja ættingja og vini á Hellissandi. Hann hélt gangandi frá Hellnum þann 20. janúar en örmagnaðist á leiðinni í vonsku veðri. Samferðamaður hans og tilvonandi mágur, Friðjón

Hjartarson þá 15 ára gamall, komst til byggða við illan leik. Margir fagrir munir eru til eftir Jóhannes og er ramminn utan um altarisöfluna í Hellnakirkju þeirra á meðal.



Göngufólkið við dánarstað Jóhannesar. Mynd Guðrún Lára Pálmadóttir.

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf.
og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ.
Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Styrkur

Á dögunum héldu nokkrir krakkar frá Hellissandi og Rífi tombólu fyrir utan Hraðbúðina á Hellissandi til styrktar Björgunarsveitinni Lífsbjörg.

Gekk tombólan ljómandi vel hjá þeim, og á 4 dögum tókst þeim að safna hvorki meira né minna en 22.403 krónum!!! geri aðrir betur. Voru björgunarsveitarmenn yfir sig undrandi af þessum magnaða árangri þeirra í þessari söfnun.

Á þriðjudeginum 18. ágúst mættu þau svo öll fyrir utan Hraðbúðina til þess að afhenda árangur erfiðisins. Þar mættu svo björgunarsveitarmenn til þess að taka á móti þessari dýrmætu gjöf.

Til þess að hafa þetta allt formlegt stilltu hópurnir sér upp fyrir framan björgunarsveitarbílinn fyrir myndatöku við afhendinguna. Og að sjálfsgöðu var alvöru handaband notað eins og



Frá vinstri efri röð: Þórarinn, Ívar Reynir, Gabríel Máni, Trausti Þór, Stefanía Bláfeld, Baldur Þór, Óttar, Davíð Óli og Konráð.

Neðri röð frá vinstri: Cecilia My, Kristín og Kristinn Fannar.

tíðkast við svona tilefni.

Að launum fyrir þessa frábæru gjöf, færðu björgunarsveitarmennirnir krökkunum endurskinsmerki sem smá þakklætisvott og buðu þeim síðan á rúntinn á Fordinum, þótti þeim það alls ekki leiðinlegt. Komu þau meðal annars við á Gufuskálum þar sem að Þór staðarhaldari tók á móti þeim og

sýndi þessum verðandi björgunarsveitarfólki allt æfingarsvæðið.

Vilja björgunarsveitarmenn þakka þessum hópi kærlega vel fyrir þetta frábæra og aðdáunarverða framtak. Það er gott til þess að vita hvað það eru margir sem standa við bakið á okkur nú þegar við stöndum í byggingu á nýju

og glæsilegu björgunarsveitarhúsi.

Með kveðju
Björgunarsveitin Lífsbjörg
Snæfellsbæ.



Bætt heilsa - Breyttur lífstíll

Holl næring, frábær morgunverður
Vertu vel undirbúinn fyrir daginn.

Fáðu frían Prufupakka heim
Bý í Snæfellsbæ.

Dóra Einarsd
S. 5811104 – 6961104
dora@simnet.is
www.heilsufrettir.is/tedda



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Neff. bylga@bylgja.is

Sameiginleg yfirstjórn leikskóla

Á heimasíðum leikskólanna í Snæfellsbæ kemur fram að frá og með 13. ágúst hefur verið sameiginleg yfirstjórn á leikskólum Snæfellsbæjar sem fellst í því að Ingi-gerður Stefánsdóttir leik-

skólastjóri Krílakots hefur einnig veitt Kríubóli forstöðu, þessi tilhögun verður til reynslu í eitt ár og að þeim tíma loknum verður metið hvort um breytingu til framtíðar verður að ræða.

VIRKIÐ
Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18

Brimilsvallakirkja

Uppskerumessa verður haldin
í Brimilsvallakirkju 23. ágúst nk.
kl. 14.00.

Grillveisla, söngur og leikir eftir messu.
Allir velkomnir - Sóknarprestur



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Gleraugu fundust

Barngleraugu fundust á lóð leikskólans Krílakots.

Síðasti dagur útsölnunnar er á
laugardaginn!

Diesel gallabuxur -40% afsláttur
Úlpur og kuldagallar 30- 50% afsl

Innanhússkór st 28-46 frá kr 4,990

Nýir skólabakpokar frá Nike,
Eldri gerðir á frábæru verði 😊

Nýtt frá BLEND á stelpur og stráka
Flott buxur frá Soya og Ze ze 😊



BLÓMSTURVELLIR
Hellissandi - sími: 436 6655

ATHUGIÐ



Föstudaginn

21. ágúst verður
sundlaugin lokuð
vegna hreinsunar.



KNATTSPYRNA

1. deild karla

Ólafsvíkuvöllur

Víkingur Ó - Þór

Laugardagur 22. ágúst
kl. 16

**ALLIR
á völinn**

Miðaverð kr. 1.000,-
Frítt fyrir yngri en 16 ára

orkusalan

HRANNARBUÐIN sf.
Hrannarstíg 5 350 Grundarfjörður
sími: 438 6725 netfang: hrannarb@simnet.is

Nemendur
Fjölbrautaskóla Snæfellinga!

Námsbækurnar fyrir haustönnina.

Skiptibókamarkaður, tókum bækur sem
kenndar eru á haustönn við FSN.
Ritföng - prentarablek - pappír - og svo allt hitt.

Opið mánudaga - föstudaga 11.00 - 18.00 og
13.00 - 15.00 laugardaga.

Hrannarbúðin Hrannarstíg 5, Grundarfirði - 4386725.